



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1592
komudagur 14.3.2007

Reykjavík 14.3 2007.
ASÍ mál: 200703-00XX

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslenska alþjóðlega skipaskrá (667 mál).

I

Þó svo að mál þetta hafi ekki formlega verið sent Alþýðusambandi Íslands til umsagnar, sér ASÍ engu að síður ástæðu til þess að veita samgöngunefnd og Alþingi umsögn sína um málið.

Álit ASÍ er, að 11.gr. frumvarpsins brjóti gegn 65.gr. og 74.gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Jafnframt er það álit ASÍ að 11.gr. frumvarpsins feli í sér veruleg frávik frá almennum reglum laga 80/1938, sérstaklega 1,2,3,5 og 7.gr. auk þess sem frumvarpsgreinin er andstæð 1.gr. laga 55/1980. Sérstök athygli Alþingis er jafnframt vakin á því, að sérfræðinganefnd og þing Alþjóðavinnuáráðs Íslands hafa ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að samskonar ákvæði danskra laga brjóti gegn ILO-samþykkt 98 um félagafrelsi og réttinn til þess að gera kjarasamninga.

ASÍ mælir mjög eindregið gegn því, að hér á landi verði leidd í lög ákvæði sem hinu háa Alþingi má fyrirfram vera ljóst að brjóta gegn stjórnarskrá og mannréttindaákvæðum alþjóðlegra samninga sem Ísland hefur fullgilt. Auk þess sem þau myndu brjóta gegn áratuga réttarframkvæmd sem sátt hefur ríkt um og varða skipulag íslensks vinnumarkaðar og samskipti aðila vinnumarkaðarins annars vegar og samskipti þeirra og stjórnvalda hins vegar og sem endurspeglast í lögum 80/1938 og lögum 55/1980.

II

Hér á eftir verða í stuttu máli færð rök fyrir ofangreindri afstöðu Alþýðusambands Íslands.

Samkvæmt 6.gr. frumvarpsins er allur vafi tekinn af um, að um kaupskip sem skráð kunna að vera í hina alþjóðlegu skipaskrá sigli undir íslenskum þjóðfána og að um þau gildi íslensk lög.

Í 11.gr. frumvarpsins eru gerð sú undantekning frá þessari meginreglu að íslenskir kjarasamningar taki ekki til annarra í áhöfn viðkomandi skipa en þeirra farmanna sem eiga lögheimili hér á landi. Í því felst að farmaður, íslenskur eða erlendur án lögheimilis hér á landi en sem er meðlimur í íslensku stéttarfélagi mun ekki njóta þeirra kjara sem stéttarfélag hans semur um og hefur lögvarinn rétt til þess að semja um. Þessi lögskýring kemur skýrt fram í greinargerð með 11.gr. þar sem segir: "Um kjör skipverja gerir frumvarpið ráð fyrir að fari eftir

kjarasamningi þess lands sem viðkomandi skipverji á lögheimili í og gilda því íslenskir kjarasamningar einungis um íslenska skipverja í áhöfn kaupskipa.” Í greinargerð með 11.gr. er og gert ráð fyrir því, að áhafnarmeðlimir með lögheimili utan Íslands og sem standa utan stéttarféлага semji sjálfir um kjör sín og engin mörk eða tilvísanir til gildra kjarasamninga eða lágmarksviðmiða gerðar.

ASÍ telur umrætt ákvæði frumvarpsins skýrt brot á 65.gr. stjórnarskrár þar sem segir: *“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.”* Það vekur sérstaka athygli að með opnum og einlægum hætti sé nánast beinlínis tekið fram í greinargerð að lagareglan brjóti gegn stjórnarskrá sem hlýtur að vera mjög sérstakt við lagasetningu.

Jafnframt telur ASÍ ákvæðið brjóta gegn félagafrelsis ákvæði 74.gr. stjórnarskrár sem sérstaklega vernda réttindi stéttarféлага þar sem segir: *“Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórn mála félög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess.”* Þetta ákvæði stjórnarskrár er m.a. útfært í 1.gr. 1. 80/1938 sem mælir fyrir um réttinn til stofnunar stéttarféлага en skv. 2.gr. þeirra laga er sú skylda lögð á félögin að þau skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Með öðrum orðum er ólöglegt að binda aðild að stéttarfélögum við lögheimili og hefur ASÍ fylgt því eftir af festu. Einu skilyrði laga eru þau, að félögin geta krafist þess að viðkomandi vinni þau störf sem kjarasamningurinn tekur til, hvort sem það er um borð í íslenskum skipum eða hjá öðrum atvinnufyrirtækjum sem starfa hér á landi. Til frekari áherslu mælir 5.gr. 1. 80/1938 sérstaklega fyrir um að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og 7.gr. segir skýrt að *“Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann...”*

Til enn frekari áherslu á þau réttindi sem stjórnarskrá og 1. 80/1938 mæla fyrir um og til áherslu á mikilvægi og sterka stöðu kjarasamninga, sem er eitt helsta einkenni íslensks vinnumarkaðar, byggt á víðtæku samráð aðila vinnumarkaðarins annars vegar og stjórnvalda hins vegar, segir í 1.gr. laga 55/1980 að *“Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til.”*

III

Viðurkennt hefur verið um árabíl, að lagareglur eins og þær sem lagt er til að Alþingi samþykki í ofangreindu frumvarpi brjóta gegn alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Ekki eru tók á því að gera að svo stöddu mjög ítarlega grein fyrir þeim þætti og einungis vísað til nýjustu skýrslu sérfræðinga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar þar sem fjallað er um samkynja ákvæði í dönskum lögum.¹ Þar segir m.a.:

¹ Individual Observation concerning Right to Organise and Collective Bargaining Convention, 1949 (No. 98) Denmark (ratification: 1955) Published: 2007. Skýrslan er á slóðinni <http://www.ilo.org/ilolex/english/newcountryframeE.htm>.

“1. Article 4 of the Convention. In its previous comments, the Committee had noted that section 10 of Act No. 408 - the Danish International Ships Register Act (DIS) - has the effect of, on the one hand, restricting the scope of negotiable issues by Danish trade unions by excluding from their bargaining power seafarers working on ships under the Danish flag who are not Danish residents and, on the other hand, preventing these seafarers from freely choosing the organization they wish to represent their interests in the collective bargaining process.”

Ríkisstjórn Danmerkur hefur lagt sig fram um að skýra og réttlæta ákvæði hinna dönsku laga en þeim rökum hefur jafnan verið hafnað. Um það efni má m.a. vitna til áðurnefndar skýrslu þar sem segir mjög skýrt:

“a) The Committee takes note of the explanations given by the Government on the economic difficulties facing the Danish Merchant Marine. However, it considers that section 10 (2) and (3) of the Act of 23 June 1988 to set up a Danish International Ship's Register constitutes interference in the seafarers' right to voluntary collective bargaining and amounts to government interference in the free functioning of organisations in the defence of their members' interests which is not in conformity with the spirit of Conventions Nos. 87 and 98.

b) The Committee calls on the Government to take measures to amend the Act so as to ensure that full and voluntary collective bargaining open to all seafarers employed on Danish-flag ships is once again a reality.”

Að lokum skal ítrekað að Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn því að 11.gr. frumvarpsins verði að lögum. Sambandið styður hins vegar þá stefnu stjórnvalda að stuðlað skuli að því, að hér á landi fái þrífist útgerð farskipa og stétt menntaðra farmanna.

F.h. Alþýðusambands Íslands,



Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.